



Alþingi
Erindi nr. P 125/1382
komudagur 31.3.2000

Reykjavík, 31. mars 2000

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

Frá Seðlabanka Íslands

Efni: Svör við fyrirspurnum Jóhönnu Sigurðardóttur

Á meðfylgjandi minnisblaði eru svör Seðlabanka Íslands við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur v/frumvarps um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (260. mál). Þær bárust bankanum í tölvupósti frá ritara efnahags- og viðskiptanefndar miðvikudaginn 29. mars sl.

31. mars 2000

Svör við fyrirspurnum Jóhönnu Sigurðardóttur

Eftirfarandi eru svör Seðlabanka Íslands við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur v/frumvarps um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (260. mál). Númer vísa til spurninga Jóhönnu.

1. Seðlabankinn gerir ekki athugasemd við að heimild til fjárfestinga í óskráðum bréfum nái einnig til erlendra bréfa. Almennt er ekki ástæða til þess að gera greinarmun á innlendum og erlendum fjárfestingum lífeyrissjóðanna nema út frá sjónarmiðum um gjaldeyrisáhættu. Um þessa fjárfestingu gilda einnig almenn sjónarmið í 36. gr. laga um lífeyrissjóði um bestu kjör með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
2. Um þetta vísar Seðlabankinn til umsagnar sinnar dags. 27. mars sl. Bankinn mælir ekki með að heimildin verði aukin í 60%. Um rökstuðning er vísað til umsagnar bankans.
3. Seðlabankinn tekur ekki afstöðu til þessara þátta út frá tímabundnum aðstæðum nú, enda um að ræða áhættustjórnun til langs tíma. Seðlabankinn fær hins vegar ekki séð að neitt knýi á um það sérstaklega nú að rýmka þessar heimildir.
4. Erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða stuðla, að öðru óbreyttu, til skamms tíma að herra innlendu vaxtastigi og lægra gengi. Áhrifin á þjóðhagslegan sparnað eru fremur til aukningar.
5. Samkvæmt svari við spurningu 4 hefur þetta stuðlað að lægra gengi húsbréfa en ella.
6. Seðlabankinn hefur talið að út frá langtímasjónarmiðum sé eðlilegt að lífeyrissjóðir byggji upp eignir erlendis. Það bætir eignastöðu þjóðarbúsins og gerir þjóðina betur færa um að standa undir öldrunarbyrði framtíðarinnar. Auk þess er eðlilegt að lífeyrissjóðir dreifi eignum sínum til að draga úr áhættu sjóðfélaga. Seðlabankinn er ekki í aðstöðu til að meta fjárfestingarstefnu einstakra lífeyrissjóða, enda er það í verkahring Fjármálaeftirlitsins. Almennt séð gerir bankinn hins vegar ekki athugasemdir við fjárfestingar sjóðanna erlendis á undanförunum árum. Um efnahagslegu áhrifin vísast til svara við spurningum 4 og 5.